

Gömul hús til sölu hjá Ísafjarðarbæ.

Reglur við auglýsingu og sölu/afhendingu gamalla húsa í eigu Ísafjarðarbæjar.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að selja eða gefa gamalt hús í eigu Ísafjarðarbæjar, hvort sem það er til flutnings og endurbyggingar á aðra lóð eða endurbyggingar á núverandi lóð, skal það gert samkvæmt neðangreindum viðmiðunar reglum.

1. Auglýst skal eftir kaupanda eða aðila sem áhuga hefur á að eignast og gera upp gamalt hús í Ísafjarðarbæ.
2. Þess skal getið í auglýsingu að húsinu fylgi skilyrtur styrkur, sem létt gæti kaupanda/viðtakanda fyrstu aðgerðir í endurbyggingu hússins. Um væri að ræða að jafnaði hluta þess kostnaðar er bæjarfélagið yrði fyrir við niðurrif hússins.
3. Það skilyrði verði sett um veitingu styrksins, að fullnaðarfrágangi hússins að utan verði lokið innan tilskilins frests, sem nánar verði kveðið á um í samningi aðila um eigendaskipti.
4. Þeir aðilar sem áhuga hafa á að skoða þennan kost sendi inn erindi þess efnis til Ísafjarðarbæjar, þar sem fram komi m.a. eftirfarandi upplýsingar.
Áætlun um endurbætur og útlitslagfæringar ásamt verktíma.
Áætlun framtíðarnýting húsnæðisins.
Beiðni um styrkfjárhæð sem fylgi húsinu frá bæjarfélaginu.
5. Ákvörðun um hvort reglur þessar geti átt við skal taka í hverju tilviki fyrir sig og er þá einkum horft til eftirfrandi þátta:
 - Hvort húsið teljist hafa byggingar- og/eða menningarsögulegt gildi.
 - Hlutverks hússins í ásýnd götu eða umhverfis almennt.
 - Skipulagsmála þ.e. mögulega aðra nýtingu lóðar og hvort gildi hússins réttlæti flutning þess á aðra lóð innan sveitarfélagsins.

Ofangreindir þættir verði, eftir því sem við verður komið, notaðir við mat á umsóknum og áskilur Ísafjarðarbær sér allan rétt til að velja hvern sem er úr hópi umsækjenda eða hafna öllum.

Reglurnar þannig samþykktar á 179. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 7. apríl 2005.